




Tilkynningarskyldir sjúkdómar haustið 2017

Kynsjúkdómar færast enn í aukana


Aukning á fjölda tilfella af lekanda og sárasótt miðað við undanfarin þrjú ár hélt áfram haustið 2017. Fjöldi klamydíutilfella var svipaður árið 2017 og árin á undan og fjöldi HIV-sýkinga var einnig svipaður og árið 2016 en þá greindust óvenjumargir (sjá myndir 1–4).

Sárasótt


Sárasóttin sker sig úr hvað varðar fjölgun greindra tilfella á árinu 2017, (sjá mynd 3) sem er langt umfram það sem greinst hefur undanfarin ár. Á árinu 2017 greindust alls 38 einstaklingar með sárasótt. Af þeim voru 30 karlar (79%) en átta konur (21%). Hlutfallslegur fjöldi karla sem greindist með sjúkdóminn er svipaður og árin á undan. Meðalaldur sýktra er 34 ár (aldursbil 20–70 ára). Ellefu voru af erlendu bergi brotnir (29%). Þótt sjúkdómurinn hafi fyrst og fremst verið tengdur karlmönnum sem hafa mök við karla greinist hann einnig meðal kvenna. Tvær þeirra hafa greinst í mæðravernd. Þessi alvarlegi sjúkdómur getur m.a. valdið fósturskaða.




Mynd 1



Mynd 2



Mynd 3



Mynd 4

Efni:	bls.
Tilkynningarskyldir sjúkdómar haustið 2017.....	1
Iðrasykingar haustið 2017.....	3
Inflúensa á haustmánuðum 2017	4
Áhrif innflutnings á ferskum matvælum á heilsu manna.....	5
Viðbrögð og viðbragðsáætlanir.....	5
Fræðsludagur um bólusetningar barna.....	6
Sóttvarnadagurinn 2017	6
Aðgerðir til að stuðla að skynsamlegri notkun sýklalyfja.....	6

Ritstjórn
Þórólfur Guðnason sóttvarnalæknir, ábm.
Ása St. Atladóttir
Guðrún Sigmundsdóttir
Hrafnhildur B. Stefánsdóttir
Íris Marelsdóttir
Júlíana Héðinsdóttir
Kamilla Jósefsdóttir

Ritstjóri
Haraldur Briem, sérstakur ráðgjafi

**Embætti landlæknis
Sóttvarnalæknir**

Barónsstíg 47
101 Reykjavík
Sími 5101900
Bréfasími 5101920
mottaka@landlaeknir.is
www.landlaeknir.is

HIV-sýking

Samtals greindust 27 einstaklingar með HIV-sýkingu á árinu 2017. Meðalaldur hinna sýktu er 35 ár (aldursbil 16–59 ára).

Af þeim sem greindust á árinu voru þrjár konur og 18 voru af erlendu bergi brotnir (67%). Áhættuhegðun tengdist sýkingu hjá samkynhneigðum í 13 tilfellum, gagnkynhneigðum í átta tilfellum og fíkniefnaneyslu í fimm tilfellum. Óvíst er um áhættuþætti í einu tilfalli.

Tillögur starfshóps um aðgerðir gegn kynsjúkdómum hér á landi

Eins og áður hefur komið fram þá skipaði heilbrigðisráðherra starfshóp í mars 2017 sem fékk það verkefni að koma með tillögur um aðgerðir til að stemma stigu við útbreiðslu kynsjúkdóma hér á landi. Starfshópurinn hefur nú lokið störfum og skilað sínum tillögum til velferðarráðuneytisins. Vonandi verður fljótlega hægt að ráðast í þær mörgu tillögur sem hópurinn leggur til.

Mislingar

Vorið 2017 greindust mislingar í níu mánaða gömlu barni hér á landi sem dvalist hafði í Tælandi.

Fjöldi einstaklinga hafði verið í misnánnum samskiptum við barnið á meðan á veikindunum stóð. Stærsti hluti þessara einstaklinga var bólusettur en óbólusettum einstaklingum var boðin bólusetning sem allflestir þáðu.

Tvíburabróðir barnsins veiktist svo af mislingum hér á landi hálfum mánuði eftir að bróðirinn veiktist. Tvíbura-bræðurnir voru óbólusettir vegna aldurs. Þetta er í fyrsta skipti í u.þ.b. aldarfjórðung sem mislingasmit hefur orðið á Íslandi. Bræðrunum heilsaðist



Mislingar

Mynd: Sóttvarnastofnun Bandaríkjanna (CDC)

vel og ekki varð vart við frekara smit hér á landi sem tengdist þessum sjúklingum sem bendir til þess að hjarðónæmið hér á landi sé viðunandi.

Íslendingur sem starfaði í Bangladesh veiktist í lok október 2017 þar í landi með öndunarfæraeinkenni en jafnaði sig á nokkrum dögum.

Eftir heimkomu til Íslands í nóvember 2017 bar á útbrotum í andliti, á hálsi og bringu án annarra einkenna. Hægt var að greina mislingaveiruna í sjúklingi með erfðamögnunartækni (PCR).

Sjúklingur hafði sögu um fullnægjandi bólusetningu gegn mislingum og var mótefnasvarið kröftugt sem leiddi til vægrar sjúkdómsmyndar sem ekki var einkennandi fyrir mislinga. Ekki er kunnugt um að sjúklingurinn hafi smitað út frá sér hér á landi.

Beinbrunasótt (Dengue)

Í nóvember sl. kom ungur maður heim til Íslands eftir að hafa dvalist á Filippseyjum. Veiktist á heimleiðinni með hita, skjálfta, niðurgangi og almennum slappleika. Engar áberandi blæðingar en sjúklingurinn kvartaði um doða á báðum fótleggjum neðan hnjáa af og til.

Beinbrunasótt var staðfest með blóðprófi. Sjúkdómurinn hefur greinst einu

sinni áður hér á landi hjá flugmanni sem dvalið hafði á Filippseyjum og Papua Nýju Gíneu árið 2013.

Beinbrunasótt er moskítóborinn veirusjúkdómur sem er landlægur í hitabeltislöndum og gengur reglubundið í faröldrum. Sjúkdómurinn er mikill skaðvaldur, sýkir tugi milljóna manna og dregur tugi þúsunda manna til bana á ári hverju.

Þar sem moskítóflugur þrífast ekki hérlendis nær hann ekki að breiðast út á Íslandi. Ekki er til bólu efni gegn sjúkdómnum og ekki heldur sértæk lyfjameðferð.

Mikilvægt er að forðast moskítóbit eftir megni en moskítóflugurnar (*Aedes aegypti*) sem bera þennan sjúkdóm bíta að degi til.



Aedes aegypti.

Mynd: Sóttvarnastofnun ESB (ECDC)

Lifrabólga A

Á árinu 2017 greindust fimm einstaklingar með lifrabólgu A hér á landi en síðustu fjögur árin á undan hafði enginn verið greindur með sjúkdómnum.

Fjórir af þeim voru karlmenn sem höfðu kynmök við aðra karlmenn.



Tengdust þau tilfelli faraldri af völdum lifrabólgu A sem gengur yfir í Evrópu um þessar mundir einkum meðal karlmanna sem hafa kynmök við karlmenn.

Lifrabólga A smitast um munn með saurmenguðum mat eða vökva og engin meðferð er til við sjúkdómnum. Besta

fyrirbyggjandi meðferðin við lifrabólgu A er bólusetning auk almenns hreinlætis við inntöku matar og vökva. Sóttvarnalæknir hvetur alla sem eru mikið á ferðalögum erlendis og sérstaklega karlmenn sem stunda kynlíf með karlmönnum að láta bólusetja sig. Lifrar-

bólga A er yfirleitt hættulítil sjúkdómur sem lagast án meðferðar en getur í stöku tilfellum valdið alvarlegum lifrarskemmdum.

Iðrasýkingar haustið 2017

Iðrasýkingar voru áberandi á árinu 2017. Í ágúst sl. braust út hópsýking af völdum nóróveiru meðal skáta.

Af rúmlega 180 manns sem dvöldu á Úlfjótuvatni veiktist 81. Ekki tókst að rækta veiruna í umhverfinu og því líklegt að sjúkdómurinn hafi smitast frá manni til manns sem bjuggu þröngt saman.

Síðla ágústmánaðar braust svo út hópsýking með iðrakveisu meðal 130 starfsmanna Háaleitisskóla-Hvassaleiti og Hörðuvallaskóla sem talin var vera af völdum bakteríunnar *Aeromonas hydrophilia*. Talið var að rekja mætti sýkinguna til óhreinnaðs blaðsalats sem var á matborðum skólanna.

Um miðjan nóvember 2017 hófst hópsýking með magakveisu meðal starfsmanna alþjóðlegs fyrirtækis með höfuðstöðvar í Reykjavík. Af um 200 starfsmönnum veiktust 50 þeirra með niðurgangi, kviðverkjum, hita og í sumum tilfellum uppköstum. Einkennin vörðu að jafnaði 3–6 daga og enginn þurfti á sjúkrahúsavist að halda.

Ítarlegar bakteríu-, sníkjudýra- og veirurannsóknir leiddu ekki ljós orsök veikinnar. Gerð var tilfellið miðunarrannsókn af hálfu sóttvarnalæknis sem beindist að því að kanna hvort veikindin tengdust ákveðnum mat eða drykk.

Jafnframt kannaði Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur aðstæður innan fyrirtækisins.

Þessar rannsóknir leiddu ekkert markvert í ljós sem skýrt gæti þessa hópsýkingu.

Salmonellusýkingar

Sýkingum af völdum salmonella fjölgaði talsvert á árinu 2017 miðað við árin á undan.

Hluti skýringarinnar á því er að á árinu greindust tíu einstaklingar með iðrasýkingu af völdum bakteríunnar *Salmonella typhimurium* sem er aukning umfram það sem vænta má.


Átta þeirra greindust haustið 2017 og virtust sýkingarnar vera af innlendum toga. Rannsóknir á þessum bakteríum leiddu í ljós að þær eru samstofna í sjö tilfellum en eitt tilfelli (þriggja ára barn í Mosfellsbæ) var með annan salmonellustofn sem fundist hefur á svínabúi hér á landi. Þessir bakteríustofnar tengjast ekki hópsýkingum af völdum *S. typhimurium* á Norðurlöndum sem vart við um svipað leyti.

Ekki hefur enn fundist skýring á innlendu tilfellunum að öðru leyti en því að sýkingin í áður nefndu barni má hugsanlega rekja til

svínabús hér á landi. Matvælastofnun rannsakar það mál.

Í byrjun nóvember 2017 greindust sýkingar af völdum *Salmonella poona* hjá fjölskyldu á höfuðborgarsvæðinu.

Þaðir var sýktur en einkennalaus en kona hans og dóttir voru með niðurgang og þurfti dóttirin að vistast á spítala. Fjölskyldan hafði ekki dvalið erlendis og því sýkst hér á landi. Í ágúst 2017 ræktaðist þessi salmonella í ryksýni frá sojamjöli sem kann að hafa verið gefið gæludýrum. Ekki tókst að tengja það sýkingunni í fjölskyldunni. *S. poona* greindist síðast í hópsýkingu meðal aldraðra í sambýli á höfuðborgarsvæðinu [árið 2008](#) og starfsmanna þar.





Sýkingar af völdum *Listeria monocytogenes*

Óvenjumargir eða sjö einstaklingar greindust með listeríusýkingu á árinu 2017 en hún orsakast af bakteríunni *Listeria monocytogenes*. Fjórir af þessum sjúklingum létust, þrír af þeim voru eldri einstaklingar með undirliggjandi sjúkdóma en einn var nýfætt barn.

Sýkingarnar voru taldar innlendar í sex af þessum tilfellum. Bakteríuna má finna í ógerilsneyddri mjólk og afurðum hennar, í hráum fiski og í grænmeti. Sýkingin getur verið skæð þeim sem eru með skert ónæmiskerfi, nýburum og eldra fólki.

Fyrsta tilfellinu af listeríusýkingu var lýst á Íslandi 1978. Árið 1997 var listeríu-

sýking gerð tilkynningarskyld. Fjöldi tilfella á árabílinu 1997–2016 var 19 eða u.þ.b. eitt tilfelli á ári að meðaltali en dreifingin ójöfn. Á árunum 2015 og 2016 greindist enginn með listeríu. Rannsókn á orsökum þessara sýkinga stendur yfir.

Samkvæmt upplýsingum frá Sóttvarnastofnum ESB (ECDC) hafa á þessu ári greinst listeríusýkingar í Austurríki, Danmörku, Finnlandi, Bretlandi og Svíþjóð af völdum *L. monocytogenes* sýklum sem eru erfðafræðilega skyldir.

Líkur eru á því að rekja megi sýkingarnar í Evrópu til frosins forpakkaðs grænmetis sem verið hefur í umferð frá árinu 2015 en beðið er frekari niðurstaðna. Unnið er að því að kanna skyldleika íslensku bakteríustofnanna við þá evrópsku.

Sígellusýking

Í lok nóvember 2017 var tilkynnt um sígellusýkingu í barni á leikskóla í Grindavík. Nokkuð hafði borið á iðrakveisu meðal barna og starfsmanna þar, flestir með uppköst. Sýnatökur úr öðrum sýndu ekki fram á neina sýkingarvalda.


Heilbrigðiseftirlit Suðurnesja kannaði aðstæður í leikskólanum og veitti ráðgjöf um hreinlæti. Ekki hefur tekist að rekja uppruna sígellusýkingarinnar en barnið hafði ekki verið erlendis. Sígellusýkingar eru nú orðnar sjaldgæfar hér á landi. Árin 2014 og 2015 greindust sígellutilfelli eitt hvort árið og bæði tilfelli voru af erlendum uppruna.

Inflúensa á haustmánuðum 2017

Síðustu tvær vikur ársins 2017 fjölgaði tilkynningum frá heilsugæslunni og bráðamóttökum um inflúensulík einkenni. Á sama tíma fjölgaði innlögnum á Landspítala vegna staðfestrar inflúensu.

Fyrstu tilfelli af árstíðabundnu inflúensunni greindust í ágúst og september á Landspítala. Var þar um takmarkaða hópsýkingu að ræða og lítið bar á inflúensunni þar til um miðjan desember síðastliðinn. Framan af voru inflúensuveirur af A(H3) stofni algengastar en undir lok ársins greindust B-stofnar í auknum mæli.

Hugsanlegt er að mótefnavakar í bóluéfninu sem hefur verið notað hér á landi gegn sumum B-stofnanna séu ófullnægjandi.



Mynd 6

Áhrif innflutnings á ferskum matvælum á heilsu manna

Neytendasamtökin og Samtök verslunar og þjónustu héldu opinn morgunverðarfund þann 7. desember 2017 um niðurstöðu EFTA-dómstólsins um innflutning á matvælum og áhrif hans fyrir neytendur.

Á fundinum flutti Þórólfur Guðnason sóttvarnalæknir erindi um hugsanlega áhættu sem kann að stafa af innflutningi ferskra matvæla fyrir heilsu manna.

Niðurstaða sóttvarnalæknis var að erfitt væri að fullyrða að hættan sé mikil fyrir heilsu manna hér á Íslandi af innflutningi ferskra matvæla og benti á að nýgengi salmonellu- og kampýlobakter-sýkinga hjá mönnum væri ekki mark-

tækt lægra hér en í sumum Evrópulöndum. Þá væri sýklalyfja-ónæmi ekki áberandi lægra hér en í sumum Evrópulöndum. Ekki væri beint samband á milli mengunar í matvælum og nýgengi sýkinga miðað við fyrirbyggjandi gögn.

Engu að síður væri ástæða að hafa áhyggjur af kampýlobakter í ferskum kjúklingum og salmonellu í eggjum sem flutt væru til landsins.

Mikilvægt er fyrir Ísland að innleiða ákvörðun Evrópusambandsins nr. 652/2013 um eftirlit með ferskum matvælum svo sem kjöti og grænmeti. Ef mikil mengun reynist í innfluttum matvælum umfram þeim

innlendu þá þurfa að vera úrræði til staðar til að endurmeta innflutning.



Mynd: Embætti landlæknis

Viðbrögð og viðbragðsáætlanir

Viðbragðsáætlun sóttvarna - alþjóðaflugvellir

[Viðbragðsáætlun sóttvarna - alþjóðaflugvellir](#) er komin á vefinn en vinna við áætlanagerðina hófst í apríl 2017. Áætlunin tekur til alþjóðaflugvalla landsins það er Keflavíkur-, Reykjavíkur-, Egilsstaða- og Akureyrarflugvallar. Innleiðing fór fram í október. Stutt skrifborðsæfing var haldin í kjölfarið.

Viðbragðsáætlun sóttvarna fyrir alþjóðaflugvelli byggir á áætlun sem gerð var fyrir Keflavíkurflugvöll árið 2015 og æfð sama ár.

Helstu breytingar frá þessari áætlun er að nú hefur hlutverk flugrekenda verið skráð og einnig hlutverk Heilbrigðis-eftirlita, Ferðamálastofu, Matvæla-stofnunar, Geislavarna ríkisins, Umhverfisstofnunar og Samgöngustofu.



Sniðmát að viðbragðsáætlunum heilbrigðisstofnana

Sniðmát að viðbragðsáætlun heilbrigðisstofnana er verkfæri sem auðveldar heilbrigðisstofnunum að vinna eigin viðbragðsáætlanir.

Sniðmát að viðbragðsáætlun heilbrigðisstofnana vegna hópslysa var gefið út árið 2009. Verkefnið hlaut gæðastyrk frá velferðaráðuneytinu og hafa viðbragðsáætlanir heilbrigðisstofnana verið gerðar samkvæmt þessu fyrsta sniðmáti.

[Ný og endurgerð útgáfa](#) er komin á vefinn og var verkefnið unnið í samvinnu við sóttvarnalækni, almannavarnadeild ríkislögreglustjóra og Landspítala.

Nýja sniðmátið er mun víðtækara en hið fyrra og tekur til viðbragða heilbrigðisstofnana vegna hópslysa, náttúruvár, mengunar, farsóttu, eitrunar, rofins reksturs og til atvika þar sem orsök er

óþekkt. Eru heilbrigðisstofnanir hvattar til þess að vista viðbragðsáætlanir á forsiðu á opnum vef stofnana.

Undirbúningur vegna hugsanlegs eldgoss

Í ljósi þess að almannavarnir hafa lýst yfir óvissustigi vegna hugsanlegs eldgoss í Örfafjökli var ákveðið að uppfæra [leiðbeiningar er varða öskufall og lýðheilsu](#) í samvinnu við stofnanir sem hafa aðild að þessu máli.

Þessar leiðbeiningar voru fyrst gerðar vorið 2010 þegar aska frá gosinu í Eyjafjallajökli lagðist yfir byggðina.

Samkvæmt þessum leiðbeiningum eru íbúar á svæðum þar sem öskufalls gættir hvattir til að undirbúa sig og heimili sín meðal annars með því að safna búnaði í öskupoka sem varðveitir grímur eða „buff“, og einnig hlífðargleraugu og flöskur fyrir vatn en í öskufalli er möguleiki á að vatnsból mengist.

Eru heilbrigðisstofnanir hvattar til þess að vista viðbragðsáætlanir á forsiðu á opnum vef stofnana.

Fræðsludagur um bólusetningar barna

Þann 1. nóvember 2017 var haldinn fræðsludagur um bólusetningar barna á Grand hóteli í Reykjavík fyrir starfsfólk heilsugæslunnar í landinu.

Fjallað var um mikilvægi bólusetninga, lagagrundvöll og innleiðingu nýrra bólusetninga. Farið var yfir aukaverkanir bólusetninga og frábendingar, skráningu bólusetninga og viðhorf verðandi foreldra til bólusetninga barna og fræðslu til þeirra.

Miklar umræður voru um aðgerðir sem grípa þarf til að bæta enn frekar þátttöku barna í bólusetningum.

Fræðsludagurinn var afar vel sóttur en um 140 heilbrigðisstarfsmenn mættu til fundarins.

Hörðuvallaskóla hins vegar.

Ræddar voru aðgerðir til að bæta verkferla, tenglanet og samvinnu sóttvarnalæknis og umdæmis- og svæðislækna sóttvarna.

Fyrsti sóttvarnadagurinn af þessum toga var haldinn fyrir tveimur árum en ráðgert er að halda slíkan dag árlega í framtíðinni.



Aðgerðir til að stuðla að skynsamlegri notkun sýklalyfja

Sýklalyfjanotkun hjá mönnum á Íslandi hefur á síðustu árum verið mikil ef miðað er við hin Norðurlöndin en um miðbik ef miðað er við öll Evrópulöndin.



Óskynsamleg sýklalyfjanotkun er talin geta valdið sýklalyfjaónæmi hjá bakteríum. Því er brýnt að stuðla að skynsamlegri notkun sýklalyfjanna.

Á árinu 2017 hófst átak innan Heilsgæslu höfuðborgarsvæðisins í samvinnu við sóttvarnalækni og sýklafræðideild Landspítala sem miðar að því að hvetja til skynsamlegrar notkunar sýklalyfja. Átakið er sniðið að sænskri fyrirmynd (Strama) og mun einnig taka til annarra heilsugæslusvæða og sérfræðilækna á komandi misserum. Sóttvarnalæknir mun fylgjast með árangri átaksins á næstu árum.



Sóttvarnadagurinn 2017

Þann 10. nóvember 2017 var haldinn sóttvarnardagur í annað sinn þar sem umdæmis- og svæðislæknar sóttvarna komu saman með starfsfólki sóttvarnalæknis.

Á fundinum voru rædd ýmis mál sem tengjast sóttvörnum svo sem valdmörk sóttvarnalæknis, sýklalyfjaónæmi og þátttaka í bólusetningum. Einnig var fjallað um viðbragðsáætlanir og leiðbeiningar við rannsókn á matarbornum sjúkdómum.

Farið var yfir viðbrögð við hóp-sýkingum síðsumars 2017 meðal skáta á Úlfjótuvatni annars vegar og Matar-sýkingar í Háaleitisskóla-Hvassaleiti og

